

✉ Re: 0809375 - Leitað er umsagna vegna umhverfisskýrslu, dsk.br við Ásvelli, Hfj

Búið til	13.10.2020 14:00:14
Höfundur	Trausti Baldursson
Sent	13.10.2020 14:00:12
Tilheyrir	📁 202009-0019 - Leitað er umsagna vegna umhverfisskýrslu, deiliskipulagsbreyting við Ásvelli, Hfj

Efni

Re: 0809375 - Leitað er umsagna vegna umhverfisskýrslu, dsk.br við Ásvelli, Hfj

Upplýsingar

Vinnsla

Sent	13.10.2020 14:00:12	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Trausti Baldursson - NI (Trausti.Baldursson@ni.is)
Til	gunnthora@hafnarfjordur.is

Innihald

Tilvísun í málsnr. 202009-0019 (TB)

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts frá Hafnarfjarðarbæ, dags. 14. september sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umhverfisskýrslu vegna deiliskipulagsbreytinga við Ásvelli í Hafnarfirði.

Náttúrufræðistofnun vill í fyrsta lagi taka fram að eðlilegt hefði verið að senda með framandgreindri umhverfisskýrslu þau gögn sem eiga að fylgja málinu. Þ.e. meðal annars þá deiliskipulagstillögu sem sérstaklega er vísað til í skýrslunni. Það er ekki umsagnaraðila að leita að réttum gögnum í málinu. Meðfylgjandi er deiliskipulagstillagan sem Náttúrufræðistofnun telur að eigi við erindið.

Í kafla sem heitir Umhverfisskýrsla er talað um framkvæmd sem telst fyrirspurnarskyld samkvæmt tl. 10.03 í 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Framkvæmdin er hins vegar ekki tilgreind en vel hefði mátt spara lesenda vangaveltur hvað það varðar en vafalaust er átt við íþróttasvæðið.

Almennt er það ekki hlutverk Náttúrufræðistofnunar að fjalla um hönnun húsa eða útlit en íþróttasvæði Hauka er þétt við eitt af fáum friðlöndum í byggð og þarf að taka sérstakt tillit til þess. Í kafla um ásýnd er ekki vísað til litavals þó fjallað sé um vandaða hönnun sem getur átt við ýmislegt. Þar sem íþróttasvæðið er

nátengt friðlandi og útivistarsvæði þarf að gera miklar kröfur um að merki og litir verði ekki yfirgnæfandi í umhverfinu eins og um sé að ræða „auglýsingar“ en séu frekar hafðar, ef þörf er á, á þeim hliðum bygginga sem snúa að umferðargötum en ekki friðlandinu / útivistarsvæðinu.

Í kafla um vatnafar er fullyrt að áhrif af skipulaginu verði óveruleg. Eina leiðin til að sýna fram á að svo verði er að setja upp vöktun á annars vegar stöðu grunnvatns (sem vitað er að getur verið mjög breytileg á þessu svæði) og hins vegar vakta mengun í Ástjörn. Í því sambandi mætti t.d. leita ráða hjá Umhverfistofnun í tengslum við stjórn vatnamála. Ef áhrifin reynast ekki óveruleg þarf að vera fyrir hendi viðbragðsáætlun um hvernig á að bæta úr því ástandi sem getur komið upp. Forsenda fyrir öllum aðgerðum á svæðinu á að miðast við að þær hafi ekki neikvæð áhrif á friðlandið.

Í tilkynningu um matsskyldufyrirspurn til Skipulagsstofnunar mun væntanlega vera farið nánar yfir málið og áskilur Náttúrufræðistofnun sér rétt til að koma að frekari athugasemdum ef þörf er á því.

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
210 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is (<mailto:trausti@ni.is>)



From: "Gunnþóra Guðmundsdóttir" <gunnthora@hafnarfjordur.is>
To: "ust@ust.is" <ust@ust.is>; "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>; hhk@heilbrigdiseftirlit.is
<hhk@heilbrigdiseftirlit.is>
CC:
Subject: 0809375 - Leitað er umsagna vegna umhverfisskýrslu, dsk.br við Ásvelli, Hfj
Date: 14.9.2020 11:35:42

Góðan daginn.

Hafnarfjarðarbær óskar umsagnar ykkar á umhverfisskýrslu sem nú er til auglýsingar vegna deiliskipulagsbreytinga við Ásvelli í Hafnarfiði.

Í viðhengi er umhverfisskýrslan.

Óskað er eftir að umsagnir berist fyrir 14. október nk.

Með vinsemd

Gunnþóra



Gunnþóra Guðmundsdóttir

arkitekt

Umhverfis- og skipulagssvið

Norðurhella 2

gunnthora@hafnarfjordur.is

585 5500



www.hafnarfjordur.is
(<http://www.hafnarfjordur.is/>)

www.hafnarfjordur.is (<http://www.hafnarfjordur.is/>)

Umhverfis- og skipulagssvið, Norðurhella 2, 221 Hafnarfjörður, Sími 585 5500 www.hafnarfjordur.is
(<http://www.hafnarfjordur.is/>)

Vinsamlegast athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem sendingin er stíluð á og gæti innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Hafið þér fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum og viðhengjum hans ber yður skv. 47. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003 að gæta fyllsta trúnaðar, hvorki skrá upplýsingar hjá yður né notfæra yður þær á nokkurn hátt og tilkynna okkur samstundis um að þær hafi ranglega borist yður. Vinsamlegast eyðið þeim að því loknu.

FYRIRVARI / DISCLAIMER (<http://www.hafnarfjordur.is/stodflokkar/fyrirvari>)

FYRIRVARI / DISCLAIMER (<http://www.hafnarfjordur.is/stodflokkar/fyrirvari>)

Viðhengi

image004.png (9 KB)

Ásvellir umhverfisakýrsla.pdf (149 KB)

9623-190909-Asvellir-deiliskipulagsuppdrattur.pdf (10 MB)

image002.jpg (2 KB)

image001.gif (2 KB)